FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Fornöld og miðaldir
Námsgrein:	íslenska
Viðfangsefni:	fornbókmenntir, málfræði
Skammstöfun:	ÍSLE3FM05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Fjallað verður um bókmenntasögu frá 800 til 1550. Nemendur beita helstu hugtökum bókmenntafræði. Lesnir verða fjölbreyttir textar. Meginbreytingar í málinu verða kynntar. Nemendur skrifa bókmenntaritgerð byggða á rannsókn. Farið verður dýpra í heimildavinnu, heimildarýni og meðferð tilvitnana. Nemendur kynna eigin rannsókn og sitja fyrir svörum. Hugtök í beyginga- og setningafræði verða kynnt nánar og skilningur á þeim dýpkaður.
Forkröfur:	10 einingar í íslensku á hæfniþrepi 2
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • bókmenntum og menningu tímabilsins 800-1550 • helstu bókmenntahugtökum • helstu hugtökum í bragfræði • þróun orðaforðans og grundvallarbreytingum á málkerfi íslenskunnar • helstu hugtökum í málfræði og setningafræði • lögmálum bókmenntaritgerða • gerð rannsóknaspurninga og mikilvægi úrvinnslu heimilda
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita bókmenntahugtökum • nota menningarlegar vísanir í eigin texta • nota mismunandi málsnið • nýta málfræði- og stílfræðihugtök í umræðum um málið og þróun þess • skrifa skýran, vel uppbyggðan texta á vönduðu máli með fjölbreyttum orðaforða • beita innsæi og ímyndunarafli í ræðu og riti • eiga samræður um álitamál • flytja mál sitt á áheyrilegan hátt • meta gildi og áreiðanleika heimilda • tengja tilvitnanir eigin umfjöllun og leggja út af þeim
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • vera gagnrýninn í hugsun og hafa lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi

	• draga ályktanir og færa rök fyrir skoðun sinni • þroska bókmenntasmekk sinn og lesa sér til ánægju • átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og túlka dýpri merkingu texta • nýta málsögu til skilnings á fornum textum • skilja menningu ólíkra tíma • setja fram skoðanir sínar og virða skoðanir annarra • rökræða bókmenntaverk, t.d. siðferðileg álitamál • vera skapandi í málnotkun
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.